



Reglur um úthlutun ferða – og menntunarstyrkja á vegum Myndstefs.

1. Rétt til að sækja um ferða- og menntunarstyrk hafa þeir myndhöfundar sem hafa verið félagsmenn í Myndstefi í a.m.k. eitt ár enda hafi þeir veitt samtökunum umboð til þess að annast sameiginlega hagsmunagæslu fyrir sína hönd.
2. Styrki skal veita til ferða sem umsækjandi fer vegna starfa sinna sem myndhöfundur eða til að leita sér menntunar sem slíkur. Veita má styrki til ferða á ráðstefnur eða til þátttöku á námskeiðum eða vegna sýningarhalds.
3. Umsækjandi skal greina frá:
 - Hvert ferð er heitið og tilgangi farar
 - Áætluðum fargjalda- og heildarkostnaði við ferðina
 - Hvort umsækjandi njóti fyrirgreiðslu eða annarra styrkja eða hafi sótt um þá.
 - Styrkþegi skuldbindur sig til þess að senda stjórn Myndstefs staðfestingu á því að styrknum hafi verið varið í samræmi við tilgang sem greint er frá í umsókn.
4. Úthlutunarmefnd sem kosin er af stjórn Myndstefs úthlutar ferða- og menntunarstyrkjum og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir sem ekki hafa hlotið slíka styrki áður og hafa lítil eða engin tæk á að sækja í aðra sjóði um hliðstæða styrki.
5. Stjórn Myndstefs ákveður styrkupp hæð hverju sinni.
6. Úthlutun ferða- og menntunarstyrkja skal auglýst að loknum aðalfundi Myndstefs og skal umsóknarfrestur tilkynntur í auglýsingu. Umsóknir sem berast utan auglýstan umsóknartíma verða ekki teknar til afgreiðslu.